



TENGLAHÓPUR

nýrnasjúkra og aðstandanda þeirra

ÁRSSKÝRSLA

fyrir árið 2007 – 2. starfsár

Jórunn Sörensen

Tengslahópur nýrnasjúkra og aðstandenda þeirra hefur nú lokið öðru starfsári sínu. Árið hefur verið viðburðaríkt og verða helstu áfangar raktir hér.

Markmið Tengslahópsins

Markmið Tengslahópsins varðar velferð og vellíðan þeirra sem eru að veikjast af alvarlegri nýrnabilun eru í skilun og aðstandendum þeirra. Einnig sinnir Tengslahópurinn þeim sem bíða eftir gjafanýra hvort sem er frá lifandi eða látnum gjafa. Og að lokum þeim sem hafa spurningar vegna þess að þeir eru væntanlegir gjafar.

Fimmtán tenglar

Á fyrra ári störfuðu átta manns innan Tengslahópsins núna í árslok eru þeir fimmtán. Tenglar eru víðs vegar af landinu og er það markmið okkar að hafa starfandi tengla sem víðast á landinu.

Af þessum fimmtán tenglum eru fjórir svokallaðir “grænir”. Þeir eru í forsvari fyrir Tengslahópinn og sinna síma og tölvupósti.

Kynning á Tengslahópnum

Þegar Tengslahópurinn tók til starfa voru gefnir upp persónulegir símar og netföng tveggja tengla. Slíkt er að sjálfsgöðu ekki góð vinnuregla því svona starf á ekki að tengjast ákveðnum einstaklingum. Nú hefur Tengslahópurinn fengið sitt eigið símanúmer og netfang og skiptast grænu tenglarnir á að sinna síma og fylgjast með tölvupósti. Í kjölfarið voru prentaðir ný nafnspjöld og útbúin ný kynningarblöð sem liggja fram á skilunardeild, deild 13E og almennri göngudeild á Landspítalanum við Hringbraut.

Hjúkrunarfræðingar og læknar á deild 13E, skilunardeild og almennri göngudeild á Hringbraut hafa einnig verið beðnir að benda fólki á Tengslahópinn.

Í viðtali í síðasta riti Öryrkjabandalagsins vakti Guðný Þóra Guðmundsdóttir formaður Félags nýrnasjúkra athygli á Tengslahópnum.

Orðsending frá Tengslahópnum birtist í fréttabréfi Félags nýrnasjúkra sem kom út í nóvember s.l.

Óskað var eftir að Tengslahópurinn yrði kynntur á fræðslufundi hjúkrunarfræðinga skilunardeildar. Fundurinn var í nóvember og var mjög ánægjulegur og gerðu hjúkrunarfræðingar deildarinnar sér glögga grein fyrir mikilvægi Tengslahópsins til þess að styðja þá sem hafa veikst af alvarlegri nýrnabilun og aðstandendur þeirra.

Allt þetta skilar sér. Fleiri leita eftir stuðningi og fleiri ganga til liðs við Tengslahópinn sem tenglar.

Nýtt aðsetur

Í haust var haft samband við framkvæmdastjóra Þjónustuseturs líknafélaga sem er til húsi á 9. hæð í Hátúni 10b og óskað eftir að Tengslahópurinn fengi aðgang að húsnæðinu fyrir vinnu sína og fundi. Var beiðninni vel tekið og er það mikil bót bæði fyrir tengla og þá sem leita stuðnings að eiga athvarf í þessu góða og hlýlega húsnæði. Félag nýrnasjúkra eitt þeirra félaga sem hefur aðstöðu í Þjónustusetrinu.

Fundir

Fundir eru tíðir hjá grænum tenglum. En nánast daglega eru samskipti milli þeirra í síma og tölvupósti. Það er góð og auðveld leið þar sem aðeins tveir af fjórum eiga heima á höfuðborgarsvæðinu.

Fundur var boðaður með stjórn Félags nýrnasjúkra þann 28. nóvember til þess að ræða samskipti og samstarf stjórnar félagsins og Tengslahópsins. Allir grænir tenglar mættu á fundinn og fjórir af fimm stjórnarmönnum. Á fundinum var m.a. ákveðið að ákveðinn tengill milli Tengslahóps og stjórnar væri starfandi. Var Heiðrún Bára Jóhannesdóttir tilnefnd til verksins.

Þjónustustarf Tengslahópsins

Síðla haust voru skipulagðir fræðslu- og stuðningsfundir fyrir nýrnasjúka og aðstandendur þeirra. Fundirnir eru fyrsta miðvikudag hvers mánaðar og eru haldnir í Þjónustusetri líknarfélaga á 9. hæð í Hátúni 10b. Náðist að halda fyrsta fundinn fyrir áramót eða miðvikudaginn 7. nóvember.

Hver tengill heldur skrá yfir samskipti sín við þá er hann styður. Tekið skal fram að skrárnar eru trúnaðarmál og verður einstaklinga því aðeins getið sem talna á blaði.

Skýrslur frá 7 tenglum sýna að

- 27 einstaklingar þáðu stuðning í samtals 34 viðtölum

AÐ LOKUM

Stuðningur Tengslahóps nýrnasjúkra og aðstandenda þeirra við þá sem til hans leita er það sem allt starfið snýst um. Mikilvægt er að efla starfið því reynsla okkar sem störfum í Tengslahópnum sýnir að þörfin er raun miklu meiri en tölurnar yfir þá sem hafa notið aðstoðar segja til um. Því er áriðandi að lækna og hjúkrunarfræðingar láti þá einstaklinga sem greinast með alvarlega nýrnabilun vita af tilvist Tengslahópsins og hvernig þeir geta náð sambandi við hann. Einnig er mikilvægt að benda aðstandendum nýrnasjúkra á að Tengslahópurinn er líka til fyrir þá. Og ekki má gleyma að benda þeim á Tengslahópinn sem eru að fara að þiggja nýra sem og þeim sem ætla að gefa nýra.